

## 8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana.

## 9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Mjólkursamsölnunar í Reykjavík.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. 8. gr. skipulagsskrár þessarar.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 23 6. janúar 1986 um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði, Árnessýslu og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

## 1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt nema til Leigubifreiðastjórafélags Hveragerðis sem tilkynnir það þegar úthlutunarmönnum.

Leyfishafi sem af einhverjum ástæðum getur ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu eða notað það á annan hátt löglega getur haldið leyfisréttindum sínum í allt að 6 mánuði.

Ef sérstaklega stendur á geta úthlutunarmenn framlengt þennan frest enda óski leyfishafi þess.

Nú notar leyfishafi ekki atvinnuleyfi sitt lengri eða skemmri tíma, en heldur því þó, sbr. 2. mgr. og er þá bifreiðastöð óheimilt að taka annan í afgreiðslu í hans stað á meðan.

Leyfishafi getur misst atvinnuréttindi sín ef hann er fjarverandi tvo mánuði eða lengur án þess að hafa tilkynnt viðkomandi bifreiðastöð fjarveru sína og orsakir hennar. Stöðvarstjóri skal tilkynna fjarveruna til stjórnar Leigubifreiðastjórafélags Hveragerðis en hún ber málið undir úthlutunarmenn sem ákveða hvort svipta skuli leyfishafa atvinnuleyfi eða ekki.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi hafi leyfishafi ekki nýtt sér það innan 6 mánaða frá útgáfudegi þess.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 3. desember 1986.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*